

## **11/05/2010 Framlenging á undanþágu frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf.**

Þann 13. maí 2009 var undanþágubeiðni Íslandsbanka hf. frá yfirtökuskyldu í Icelandair Group hf. lögð fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins til ákvörðunar. Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Íslandsbanki hf. hefði náð óbeinum yfirráðum í Icelandair Group hf. í skilningi 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl) vegna stöðu sinnar sem lánardrottinn stórra hluthafa Icelandair Group hf., sem þá gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lánasamningum og Íslandsbanka hf. bæri að gera öðrum hluthöfum Icelandair Group hf. yfirtökutilboð. Fjármálaeftirlitið ákvað enn fremur að Íslandsbanka hf. skyldi veitt skilyrt undanþága frá tilboðsskyldunni skv. 5. mgr. 100 gr. vvl. til að fara með yfirráð yfir allt að 50% hlutafjár í Icelandair Group hf. en að mati Fjármálaeftirlitsins uppfyllti Íslandsbanki hf. þau skilyrði sem gera þyrfti til veðhafa væri slík undanþága veitt.

Undanþága Íslandsbanka hf. frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf. var veitt með ákveðnum skilyrðum, þ.e. fresti til endursölu, takmörkun á nýtingu atkvæðisréttar og skilyrði um upplýsingagjöf. Var Íslandsbanka hf. veittur 12 mánaða frestur til að selja svo stóran hlut af eign sinni í Icelandair Group hf. að bankinn færi ekki beint eða óbeint með yfirráð í félaginu skv. 100. gr. vvl. Þá var þess getið að Fjármálaeftirlitið gæti framlengt þennan frest um sex mánuði, ef sérstakar ástæður mæltu með því.

Íslandsbanki hf. hefur nú óskað eftir 6 mánaða framlengingu á undanþágu frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf. í samræmi við ákvæði 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Til þess að verja hagsmuni Íslandsbanka hf. og tryggja rekstrarhæfi Icelandair Group hf. til frambúðar var að mati Íslandsbanka hf. óhjákvæmilegt að ráðast í fjárhagslega endurskipulagningu á Icelandair Group hf. Í áætlunum Íslandsbanka hf. var gert ráð fyrir að endursala færi ekki fram fyrir en að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni. Með vísan til þess að endurskipulagning á Icelandair Group hf. hefur reynst flóknari og umfangsmeiri heldur en fyrri áætlanir Íslandsbanka hf. gerðu ráð fyrir, m.a. vegna þess hversu margir aðilar þurftu að koma að henni beint eða óbeint og þess ástands sem skapast hefur hjá flugfélögum í heiminum í tengslum við eldgos í Eyjafjallajökli, telur Fjármálaeftirlitið að mjög sérstakar ástæður séu upp í endurskipulagningarferli Icelandair Group hf. og hefur ákveðið að framlengja frest Íslandsbanka hf. til endursölu um sex mánuði.